

LANDSRÉTTUR

Dómur þriðjudaginn 26. maí 2026.

Mál nr. 399/2025:

A

(Ólafur Örn Svansson lögmaður)

gegn

VÍS tryggingum hf.

(Heiðar Örn Stefánsson lögmaður)

Lykilorð

Viðurkenningarkrafa. Líkamstjón. Vátrygging. Ábyrgðartrygging.

Útdráttur

A höfðaði mál á hendur V hf. og krafðist þess að viðurkennd yrði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá V hf. vegna líkamstjóns sem A varð fyrir. A var við steypuvinnu þar sem notaður var steypudælukrani. Kraninn var í útréttri stöðu þegar hluti hans féll skyndilega ofan á A. Í dómi Landsréttar var rakið að ekki hefði farið fram fullnægjandi rannsókn á krananum og aðstæðum á slysstað eftir slysið en slík rannsókn hefði getað upplýst um atvik og orsök þess, þar á meðal hvort það væri að rekja til vanbúnaðar kranans. Í ljósi þess að vitneskja hefði legið fyrir um að kraninn hefði gefið sig á sama stað nokkrum árum fyrr yrði að telja að full þörf hefði verið á slíkri rannsókn. Þess í stað hefði kraninn verið fjarlægður af slysstað og seldur úr landi skömmu síðar. A hefði eftir það verið ókleift að sýna fram á hver orsök slyssins hefði verið. Þegar litið væri til þessara atvika og aðstöðumunar aðila yrði að telja að það hefði staðið B ehf. nær að leitast við að upplýsa betur um atvik að slysinu og ástand kranans. Við þessar aðstæður yrði V hf. látinn bera hallann af skorti á sönnun í málinu um þau atriði sem gætu haft áhrif á sakarmat og óljós atriði er varði orsök slyssins. Hefði V hf. ekki tekist að sanna að sanna að orsök slyssins væri ekki að rekja til saknæmrar háttsemi B ehf. eða starfsmanna hans. Samkvæmt því var tekin til greina krafa A um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá V hf. vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir í slysinu.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Jón Höskuldsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 27. maí 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 2025 í málinu nr. E-[...]/2024.

- 2 Áfrýjandi krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá stefnda vegna afleiðinga líkamstjóns sem áfrýjandi varð fyrir 4. nóvember 2021 við brúarsmíði [...]. Til vara er þess krafist að viðurkennd verði bótaskylda úr lögboðinni ökutækjatrýggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna líkamstjónsins. Loks er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gaf skýrslu vitnið C, verkstæðisformaður hjá B ehf.

Niðurstaða

- 5 Málavöxtum og málsástæðum aðila eru gerð skil í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram varð áfrýjandi fyrir líkamstjóni er hann slasaðist við byggingu brúar yfir [...] 4. nóvember 2021. Áfrýjandi starfaði hjá D slf. sem sáu meðal annars um mótaupplátt við brúarsmíðina. Tildrög slyssins voru þau að við steypuvinnu við brúarsmíðina var notaður steypudælukrani sem áfastur var vörubifreið í eigu B ehf. og stjórnað var af starfsmanni þess félags, sem var með ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá stefnda. Kraninn var í útréttri stöðu þegar hluti hans féll skyndilega ofan á áfrýjanda með þeim afleiðingum að hann klemmdist á milli bómunnar og mótsins.
- 6 Málsaðilar deila um það hver beri ábyrgð á slysinu. Áfrýjandi byggir aðalkröfu sína á því að kraninn hafi verið óöruggur til áðurnefndrar notkunar og að óforsvaranlegt hafi verið að nota hann og vísar meðal annars til þess að hann hafi á árinu 2016 bilað á sama stað. Stefndi mótmælir þessu og fullyrðir að viðgerð sem framkvæmd hafi verið vegna fyrri bilunar hafi verið fullnægjandi og ekkert bendi til annars.
- 7 Slysið var tilkynnt lögreglu samdægurs og kom hún á vettvang. Í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu E, eiganda og verkstjóra D slf., að hann hafi haldið um stútinn á steypudæluranaanum er verið var að dæla steypunni og áfrýjandi hafi gengið á eftir honum og slétt úr steypunni. Í skýrslu sem tekin var af vitninu fyrir héraðsdómi kom fram að er atvik urðu hafi steypudælukraninn verið „í eins útréttri stöðu og hægt var, við vorum eiginlega komnir alveg út í enda með það sem við náðum þarna megin frá [...] við erum að steypa þarna alveg yfir ánni.“ Af myndum í lögregluskýrslu sem teknar voru á slysstað má sjá að kraninn er í útréttri stöðu. Þá er í sömu skýrslu haft eftir stjórnanda steypudælunnar að liðamót í krananum hafi gefið sig með þeim afleiðingum að neðri hluti hans hafi fallið niður og lent á höfði áfrýjanda.
- 8 Í tilkynningu vinnuveitanda áfrýjanda til stefnda á slysdegi kemur fram að slysið hafi orðið er „[s]teypugálginn á steypudælunni gaf sig fyrir miðju með þeim afleiðingum að gálginn féll ofan á hann svo hann klemmdist á milli mótsins og gálgans.“

- 9 Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins daginn eftir slysið var tildrögum slyssins lýst með þeim hætti að unnið hafi verið við steypu og gálgi á dælu hafi brotnað og fallið á manninn.
- 10 Vinnueftirlitið kom ekki á vettvang þegar slysið varð en framkvæmdi takmarkaða skoðun á steypudælnni nokkrum dögum síðar og bannaði notkun hennar tímabundið. Einnig var fyrirskipað að framkvæmd skyldi rannsókn á steypudælnni í samráði við framleiðanda í því skyni að upplýsa hver væri orsök þess að kraninn féll niður. Þá liggur fyrir að steypudælan var skömmu síðar seld úr landi í því ástandi sem hún var eftir slysið. Í svarbréfi Vinnueftirlitsins við erindi þáverandi lögmanns áfrýjanda 7. febrúar 2022 kemur fram að vinnuslysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu.
- 11 Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands 8. febrúar 2022 er orsökum og tildrögum slyssins lýst svo að áfrýjandi hafi verið að slétta steypu sem verið var að leggja niður með steypudælu. „Kólfur í miðju steypugálgans gengur til og úr staðsetningu með þeim afleiðingum að steypugálginn féll ofan á [áfrýjanda] þar sem hann festist á milli móts og gálga.“
- 12 Fyrir liggur að á árinu 2016 fór kraftliður í krananum í sundur og bóman féll eins og gerðist er áfrýjandi varð fyrir því slysi sem málið varðar. Í vitnaskýrslu C verkstæðisformanns hjá B ehf. hér fyrir dómi kom fram að hann hefði komið á staðinn eftir slysið og séð um að taka niður steypudæluna. Hann kvaðst einnig hafa gert það árið 2016 þegar sams konar óhapp varð við notkun kranans. Kvað hann að sami kraftliður hefði gefið sig í bæði skiptin en hafði enga skýringu á orsökum þess.
- 13 Aðilar deila ekki um að slysið sé að rekja til þess að áðurnefndur gálgi á krana gaf sig og féll á áfrýjanda, en greinir aftur á móti á um hvort orsök þess sé saknæm háttsemi váttryggingartaka B ehf. eða starfsmanna félagsins. Samkvæmt því sem rakið hefur verið fór ekki fram fullnægjandi rannsókn á krananum og aðstæðum á slyssað eftir slysið en slík rannsókn hefði getað upplýst um atvik og orsök þess, þar á meðal hvort það væri að rekja til vanbúnaðar kranans. Í ljósi þess að vitneskja lá fyrir um að kraninn hefði gefið sig á sama stað nokkrum árum fyrr verður að telja að full þörf hefði verið á slíkri rannsókn. Þess í stað var kraninn fjarlægður af slyssað og seldur úr landi skömmu síðar. Áfrýjanda var eftir það ókleift að sýna fram á hver orsök slyssins var. Þegar litið er til framangreindra atvika og aðstöðumunar aðila verður að telja að það hafi staðið váttryggingartaka nær að leitast við að upplýsa betur um atvik að slysinu og ástand kranans.
- 14 Við þessar aðstæður verður stefndi látinn bera hallann af skorti á sönnun í málinu um þau atriði sem geta haft áhrif á sakarmat og óljós atriði er varða orsök slyssins. Hefur honum ekki tekist að sanna að orsök slyssins sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans. Samkvæmt því verður tekin til greina krafa áfrýjanda um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá stefnda vegna líkamstjóns sem áfrýjandi varð fyrir í slysinu 4. nóvember 2021.

- 15 Eftir framangreindum úrslitum verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti sem ákveðinn verður í einu lagi eins og í dómsorði greinir og renni hann í ríkissjóð.
- 16 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.
- 17 Um gjafsóknarkostnað áfrýjanda fyrir Landsrétti fer eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Viðurkennd er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá stefnda, VÍS tryggingum hf., vegna afleiðinga líkamstjóns sem áfrýjandi, A, varð fyrir 4. nóvember 2021 við brúarsmíði [...].

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað skal vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 2.700.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Ólafs Arnar Svanssonar, 1.200.000 krónur.

Dómur Héraðsdómur Reykjavíkur 8. maí 2025

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl 2025, er höfðað 16. september 2024. Stefnandi er A, [...], en stefndi er VÍS tryggingar hf., [...].

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkennd verði með dómi bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B ehf. hjá stefnda, VÍS tryggingum hf., vegna afleiðinga líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir 4. nóvember 2021 við [...]. Til vara krefst stefnandi þess að viðurkennd verði bótaskylda úr lögboðinni ökutækjatryggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir 4. nóvember 2021 við [...]. Þá krefst stefnandi í báðum tilvikum málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

I

Málsatvik

Mál þetta má rekja til slyss sem stefnandi varð fyrir 4. nóvember 2021 þegar hann starfaði hjá D slf. við byggingu brúar yfir [...]. Tildrög slyssins voru þau að stefnandi var við steypuvinnu ásamt fjórum öðrum starfsmönnum D slf. Á staðnum var vörubifreiðin [...] í eigu B ehf. af tegundinni Mercedes Benz Actros, sem var skráð til sérstakra nota í ökutækjaskrá, en hún var með áfastan steypudælukrana sem var stjórnað af starfsmanni B ehf. Var steypudælukraninn í útréttri stöðu þegar hluti kranans féll skyndilega ofan á stefnanda.

Lögregla var kölluð á vettvangi í kjölfar slyssins. Kemur fram í frumskýrslu lögreglu að stefnandi hafi verið vankaður en hann hafi þó getað tjáð sig. Hann hafi hins vegar sagst ekki vita hvað hefði gerst.

Er í frumskýrslunni haft eftir F, stjórnanda steypudællunnar, að liðamót í steypudællurana hafi gefið sig með þeim afleiðingum að neðri hluti ranans hafi fallið niður og lent á stefnanda. Jafnframt kemur fram að F hafi lyft krananum af stefnanda þegar hann hafi séð að hann lá undir honum. Þá er haft eftir F að slysið hafi gerst allt í einu og fyrirvaralaust.

Í tilkynningu vinnuveitanda stefnanda til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að slysið hafi orðið er kólfur í miðju steypugálgans gekk til. Það sama kemur fram í tjónstilkynningu stefnanda til stefnda. Er óumdeilt í málinu að orsök slyssins hafi verið þessi.

Steypudællubifreiðin [...] var á tjónsdegi í eigu B ehf. Stefnandi var á tjónsdegi starfsmaður D slf. sem var undirverktaki við brúarsmíðina.

Vinnueftirlitinu var tilkynnt um slysið samdægurs. Fór það ekki á vettvang en framkvæmdí skoðun á krananum 12. nóvember 2021. Varð niðurstaða hennar að banna notkun tækisins.

Í málinu liggur fyrir örorkumat G, sérfræðings í heila og taugasjúkdómum, dags. 6. september 2023. Komst hann að þeirri niðurstöðu að tímabundinn missir starfsorku stefnanda teldist vera 100% frá slysdegi til 14. ágúst 2022. Þá mat hann varanlega læknisfræðilega örorku hans 15%.

Stefndi hafnaði bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu váttryggingartaka með bréfi, dagsettu 19. október 2022. Staðfesti úrskurðarnefnd í váttryggingamálum afstöðu stefnda í úrskurði í máli nr. 111/2023. Stefndi hafnaði einnig bótaskyldu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu steypudællubifreiðarinnar [...] með tölvupósti, dagsettu 19. febrúar 2024.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu vitnin F, stjórnandi steypudællubifreiðarinnar í umrætt sinn, og E, eigandi D og verkstjóri í umrætt sinn.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst byggja aðalkröfu sína um viðurkenningu á bótaskyldu á því að tjón hans sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B ehf. á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um sök og vinnuveitandaábyrgð enda hafi slys hans orsakast af gáleysislegri háttsemi og/eða athafnaleysi sem B ehf. beri ábyrgð á.

Stefnandi kveðst telja að slysið hafi orðið vegna mistaka starfsmanna B ehf., annars vegar starfsmannsins sem stjórnað hafi steypudællukrananum og hins vegar starfsmanna sem tekið hafi ákvörðun um að nota steypudællukranann til þess verks sem um ræðir. Jafnframt sé á því byggt að tækjabúnaður hafi verið ófullnægjandi og til þess fallinn að valda slysi.

Stefnandi kveðst byggja á því að B ehf. hafi borið víðtækar skyldur skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. t.d. 13. gr. laganna, til að tryggja öryggi. Þannig hafi B ehf. borið að sjá til þess að við notkun tækisins væri gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 37. gr., og sjá til þess að vélar, ílát, tæki og annar búnaður væri þannig úr garði gerður að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 46. gr. laganna. Á grundvelli laganna hafi verið sett reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006. Komi fram í 5. gr. reglugerðarinnar að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum sé ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skuli af hendi eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða annarra sé hætta búin.

Stefnandi kveðst mótmæla því að steypudællukraninn hafi verið í góðu ásigkomulagi fram að slysi, og að slysið verði einungis rakið til óhappatilviljunar. Kveðst stefnandi telja ljóst að tækið hafi verið óöruggt til notkunar sem þessarar. Hafi því verið óforsvaranlegt að nota tækið til verksins. Upplýst sé að

gálgi steypudæluhranans hafi áður brotnað u.þ.b. fimm árum áður en umrætt slys hafi orðið. Viðgerð muni hafa farið fram á árinu 2016. Engra skýringa hafi verið leitað á því hvers vegna gálgin hafi brotnaði þá. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. september 2016, segi: *Bómuöryggi: Skoðun á tæki kom í ljós (sic) að kraftliður á seinni armi er skemmdur eða ónýtur. Bolti sem gengur í gegnum kraftliðinn hefur fest í sæti sínu hugsanlega út af smurningsleysi.* Engin önnur rannsókn hafi farið fram. Hafi ályktun Vinnueftirlitsins verið rétt megi ljóst vera að kraftliðurinn hafi brotnað sökum viðhaldsleysis. Stefnandi leggi þó áherslu á að B ehf. virðist ekki hafa gert sérstaka rannsókn á því hvers vegna kraftliðurinn hafi skemmt árið 2016, en full ástæða hafi verið til að gera hana. Á því sé byggt að gálaust hafi verið að hefja notkun á tækinu að nýju án þess að fullnægjandi viðgerð ætti sér stað og/eða rannsókn á orsökum skemmdanna árið 2016. Þá megi ljóst vera að ófullnægjandi viðgerð hafi átt sér stað enda virðist kraftliðurinn hafa brotnað að nýju ef um sama lið er að ræða. Í því sambandi beri m.a. til þess að líta að ekki hafi verið notaður íhlutur frá framleiðanda heldur smíðað stykki í tækið hér á landi. Hvort sem um hafi verið að ræða sama kraftlið eða ekki megi ljóst vera að þörf hafi verið á sérstöku eftirliti og rannsókn, sérstaklega ef kraftliðurinn hefur reynst skemmdur vegna viðhaldsleysis, þ.e. vegna skorts á smurningu. Megi augljóst vera að skortur á viðhaldi hafi ekki aðeins náð til eins kraftliðar heldur tækisins í heild.

Stefnandi bendi á að skoðun hafi verið fengin á tækið árið 2018 hjá Vinnueftirlitinu, eftir viðgerð. Þá liggja fyrir að borið hafi að láta skoða tækið eigi síðar en í október 2021, eða mánuði áður en slysið hafi átt sér stað. B ehf. hafi þannig vanrækt að hafa eðlilegt eftirlit með tækinu og jafnframt að færa tækið til lögboðinnar skoðunar. Í þeirri vanrækslu hafi verið falin bótaskyld háttsemi enda sé lögboðið að færa skuli slík tæki til skoðunar. Hér beri sérstaklega að hafa í huga hættueiginleika steypudæluhranans þar sem starfsmenn vinni í kringum hann og undir honum. Þá verði sérstaklega að hafa í huga þá staðreynd að tækið hafi áður brotnað og því hafi verið sérstök ástæða til eftirlits og yfirferðar yfir tækið í heild sinni. Á því sé byggt að við skoðun á tækinu hefði komið fram ágalli á því. Vanræksla B ehf. að þessu leyti hafi verið gálaus og beinlínis valdið slysinu. Þá hafi vanræksla félagsins auk þess áhrif á sönnunarstöðu, en váttryggingartaki beri vegna hennar sönnunarbyrði um að ágallinn hefði ekki verið sýnilegur við skoðun. Hér beri að hafa í huga að tilgangur eftirlits Vinnueftirlitsins sé að kanna hvort *vinnuvélar og tæki uppfylli þær öryggiskröfur sem nauðsynlegt er samkvæmt lögum og reglum* eins og segi á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Hluti af eftirliti Vinnueftirlitsins sé að skoða burðarvirki steypudæluhranans en fyrir liggja að burðarvirkið hafi brotnað og það í annað sinn.

Stefnandi kveðst vísa sérstaklega til 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem fram komi að þegar öryggi tækja kunni að minnka við tilteknar aðstæður skuli atvinnurekandi sjá til þess að sá sem beri ábyrgð á að annast skoðun tækis skoði og prófi tækið með reglulegu millibili til að tryggja að öryggis og hollustuhátta sé gætt og unnt sé að gera við skemmdir í tíma. Hvað sem öðru líði hafi átt að skoða tækið eigi síðar en í október 2021, eða áður en slysið hafi átt sér stað. Á því sé byggt að með slíku eftirliti hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysið. Þannig verði slysið rakið til athafnaleysis váttryggingartaka en um sé að ræða tæki sem beri að yfirfara með reglubundnum hætti óháð árlegri skoðun. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að ágalli á gálganum hefði ekki komið fram við skoðun í ljósi þess að steypudæluhraninn hafi ekki verið færður til skoðunar í samræmi við kröfur Vinnueftirlitsins. Stefnandi bendi á að gera verði ríkar kröfur til rekstraraðila sem leigi út vinnuvélar um að tryggja að viðhald þess búnaðar sem leigður sé út sé fullnægjandi. Þá sé á því byggt að B ehf. beri ábyrgð á slysi sem leiði af bilun eða galla tækisins.

Stefnandi kveðst einnig byggja á því að stjórnandi steypudæluhranans, sem hafi verið starfsmaður B ehf., hafi gert mistök sem hafi leitt til umrædds slyss. Þannig hafi starfsmaðurinn teygst of mikið á armi steypudæluhrannar og hún hafi gefið sig vegna þungans sem af því hafi leitt. Fyrir liggja að þunginn hafi verið 2,5–3 tonn, sbr. tjonstilkynningu til VÍS. Þá sé á því byggt að starfsmaðurinn hefði átt að gæta sín sérstaklega í ljósi þess að steypudæluhraninn hafði áður brotnað við notkun. Hefði starfsmaðurinn, hvað sem öðru líður, átt að gæta að því að starfsmenn á verkstað, þ.m.t. stefnandi, væru ekki undir

stey pudælukrananum þegar hann var í notkun. Þá sé á því byggt að starfsmaðurinn hafi ekki yfirfarið stey pudælukranann fyrir notkun og tryggt að hann væri öruggur til notkunar.

Stefnandi kveðst byggja enn fremur á því að B ehf. beri sönnunarbyrði um hver hafi verið nákvæmlega orsök slyssins. Í því sambandi beri m.a. að líta til þess að engin rannsókn hafi farið fram af hálfu Vinnueftirlitsins, sbr. svarbréf stofnunarinnar við erindi, dags. 7. febrúar 2022. Þannig verði sú skylda ekki lögð á stefnanda að hlutast til um að rannsókn fari fram. Sú skylda geti aðeins hvílt á eiganda tækisins sem jafnframt sé vinnuveitandi stjórnanda þess.

Stefnandi kveðst telja að við sakarmatið verði að horfa til þess að mikil hætta hafi verið á að tjón hlytist af tækinu sem sé þungt og notað nálægt starfsmönnum sem eigi enga möguleika á að færa sig. Þá beri til þess að líta að fyrirhafnarlítið hefði verið að tryggja öryggi með skoðun tækisins og virku eftirliti, þ.m.t. fyrir umrædda notkun.

Stefnandi kveðst byggja á því að ríkar kröfur verði að gera til rekstraraðila sem komi inn á vinnustað með tæki og búnað þar sem starfsmenn annarra fyrirtækja séu við störf, þ.m.t. kröfu um að slíkir rekstraraðilar viðhaldi sérstaklega búnaði sem leigður sé út og sinni skoðunar- og eftirlitsskyldu.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda kveðst stefnandi byggja á því til vara að tjónið sé bótaskyldt úr lögmæltri ökutækjetryggingu [...] hjá stefnda. Nánar sé á því byggt að ökutækið hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem dælubifreið þegar slysið hafi átt sér stað. Vísist hér m.a. til 4. gr. laga um ökutækjetryggingar nr. 30/2019. Þannig hafi gálginn sem brotnaði og dælan sem notuð hafi verið til að flytja steypu út gálgann verið knúin áfram af aflvél bifreiðarinnar. Tjón, sem orsakist beinlínis af vél bifreiðar og öðrum tækjum sem heyrir til eðlilegs búnaðar bifreiðar í venjulegri og eðlilegri notkun hennar, verði almennt talið hafa orðið við notkun ökutækis samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/2019. Þá falli tjón sem orsakist af sérstakri notkun bifreiðar sem beinlínis felist í eiginleikum hennar og útbúnaði, og þar með af sérstakri hættu sem stafi af bifreið, undir notkunarhugtak 4. gr. laganna. Ljóst sé að slyss stefnanda hafi orðið vegna sérstakra hættueiginleika bifreiðarinnar sem hafi verið í venjulegri notkun. Um sé að ræða eðlilegan útbúnað til þess að ferma og afferma með tilliti til eiginleika bifreiðarinnar og tilgangs hennar. Falli slysið þannig undir notkunarhugtak nefndra laga.

Stefnandi kveður liggja fyrir að ökutækið, sem hafi verið í eigu B ehf., hafi á slysdegi verið tryggt hjá stefnda lögbundinni ökutækjetryggingu. Beri því að viðurkenna bótarétt stefnanda úr lögbodinni ökutækjetryggingu bifreiðarinnar [...] sem í gildi hafi verið hjá stefnda á slysdegi en um sé að ræða hlutlæga bótareglu. Þá sé á því byggt að bótaskylda úr tryggingunni byggist jafnframt á sök.

Stefnandi kveður liggja fyrir að stefnandi hafi hlotið varanlega áverka af slysinu. Þannig hafi hann hlotið áverka á höfði, einkum andliti og tönnum, brjóstvöðva, hægri öxl og hægri handlegg auk þess sem hann hafi misst framan af litla fingri hægri handar. Hafi honum þegar verið metin 15% læknisfræðileg örorka. Þá hafi tímabundin starfsorka hans verið metin frá slysdegi til 14. ágúst 2022. Fyrir liggir að varanleg örorka hans, sem enn sé ómetin, sé veruleg og það endurspeglar m.a. í hinu læknisfræðilega mati. Þar sem stefnandi hafi þegar verið metinn til 15% læknisfræðilegrar örorku vegna slyssins hafi hann sannanlega orðið fyrir varanlegu tjóni. Þá hafi hann auk þess sannanlega orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni í skilningi 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og þjáningum í skilningi 3. gr. sömu laga. Stefnanda hafi hvorki verið greiddar bætur fyrir þjáningatíma né varanlega örorku. Samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga skuli greiða þjáningabætur fyrir tímabil frá því að tjón hafi orðið þar til heilsufar tjónþola sé orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann sé rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann sé veikur án þess að vera rúmfastur. Þegar sérstaklega standi á sé heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé vinnufær. Mat á þjáningatíma feli þar með í sér mat á því hversu lengi viðkomandi teljist hafa verið veikur í skilningi skaðabótalaga. Matið sé einkum byggt á læknisfræðilegum gögnum og gögnum um læknismeðferð viðkomandi eftir slysaatburð. Almenna reglan sé sú að þjáningatími sé sá tími sem tjónþoli teljist vera óvinnufær, það er að segja að heildarramma tímabils þjáningabóta sé hinn sami og í tilviki tímabundins atvinnutjóns. Þar sem stefnandi hafi verið metinn

óvinnufær frá slysdegi til 14. ágúst 2022, sbr. fyrirliggjandi matsgerð, sé ljóst að hann eigi rétt til bóta vegna þjáninga fyrir sama tímabil. Í ljósi framangreinds liggir fyrir að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um viðurkenningu á bótaskyldu sem byggist á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður stefnda

Stefndi kveðst byggja kröfu um sýknu af aðalkröfu stefnanda á því að ósannað sé að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi valdið slysi stefnanda eða hafi átt sök á slysi hans, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi váttryggingartaka né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að slys stefnanda verði rakið til saknæmrar ólögmætrar háttsemi váttryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann hafi borið skaðabótaábyrgð á. Af því leiði að skilyrði bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda hjá VÍS tryggingum hf. séu ekki fyrir hendi.

Stefndi kveðst byggja á því að um mál þetta fari eftir almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar utan samninga. Leiði af þeim reglum að sönnunarbyrðin hvíli óskipt á þeim sem krefjast skaðabóta. Á stefnanda hvíli því sönnunarbyrðin um það hvaða atvik hafi verið að baki kröfu hans og að orsakatengsl hafi verið milli tjónsins og atvikanna. Jafnframt hvíli sönnunarbyrðin um ætlaða sök og ólögmæta háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans alfarið á stefnanda og að orsakatengsl hafi verið milli þeirrar ætluðu sakar og ólögmætu háttsemi og tjónsins. Takist sú sönnun ekki komi ekki til ábyrgðar stefnda.

Stefndi kveðst hafna því að sönnunarbyrðin fyrir því hver hafi verið orsök slyssins hvíli á váttryggingartaka þar sem engin rannsókn hafi farið fram af hálfu Vinnueftirlitsins. Engin rök standi með því að sönnunarbyrði verði snúið við þannig að stefndi og váttryggingartaki verði látnir bera hallann af því að gögn málsins beri ekki með sér sönnun á að orsök slyssins verði rakin til saknæmrar vanrækslu váttryggingartaka eða starfsmanna hans. Ítrekist í þessu samhengi að fram hafi farið lögreglurannsókn á slysinu auk þess sem fyrir liggir skoðun Vinnueftirlitsins á krananum. Þá liggir fyrir að slysið hafi verið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins í samræmi við áskilnað 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Váttryggingartaki eða stefndi verði ekki gerðir ábyrgir fyrir framkvæmd rannsóknar lögreglu eða Vinnueftirlitsins þegar vinnuveitandi stefnanda hafi tilkynnt um slysið án tafar.

Stefndi kveðst mótmæla því að steypudælukraninn sem notaður hafi verið til verksins hafi verið ófullnægjandi og til þess fallinn að valda slysi vegna bilunar í honum á árinu 2016. Hvergi í gögnum málsins komi fram að slysið verði rakið til þeirrar bilunar sem orðið hafi á krananum árið 2016, eða að sú viðgerð sem framkvæmd hafi verið vegna þeirrar bilunar hafi verið ábótavant. Þá sé því alfarið mótmælt að engin rannsókn hafi farið fram á biluninni árið 2016 og að viðgerð hafi verið ófullnægjandi. Þvert á móti liggir fyrir að úttekt hafi verið gerð af hálfu Vinnueftirlitsins á tjóninu og orsökum þess en fenginn hafi verið sérfræðingur til þess að gera þá úttekt. Viðgerð hafi verið framkvæmd í samráði við framleiðanda og samkvæmt leiðbeiningum hans. Þar með talin sé ný festing sem smíðuð hafi verið í gálgann af fagaðila eftir teikningu framleiðanda. Öll samskipti við framleiðanda hafi verið send Vinnueftirlitinu og að lokum hafi verið framkvæmd skoðun á steypudælukrananum af hálfu framleiðanda árið 2018 áður en Vinnueftirlitið hafi heimilað notkun hans að nýju. Þá liggir fyrir yfirlit yfir gott reglubundið viðhald á steypudælubifreiðinni. Öll gögn málsins sýni því að kraninn hafi verið fullviðgerður vegna tjónsins sem átt hafi sér stað árið 2016.

Stefndi kveðst hafna því að slysið verði rakið til ófullnægjandi viðhalds á krananum enda eigi það sér enga stoð í gögnum málsins. Þvert á móti liggir fyrir að kraninn hafi hlotið reglulegt og eðlilegt viðhald. Getgáta í úttekt Vinnueftirlitsins frá 2016, um að bilunin það ár verði hugsanlega rakin til smurningarleysis, feli ekki í sér sönnun á ófullnægjandi viðhaldi. Þá hafi fullnaðarviðgerð farið fram í kjölfarið á þeirri bilun, kraninn verið notaður í áraraðir án vandkvæða og fengið árlega skoðun frá Vinnueftirlitinu án athugasemda sem og af hálfu framleiðanda. Þá sé í þessu samhengi mikilvægt að bilunin á árinu 2016 hafi verið rakin

til annarra orsaka en bilunin sem leitt hafi til þess slyss sem fjallað sé um hér. Árið 2016 hafi brotnað kraftliður í armi þegar bolti sem gengið hafi í gegnum hann hafi fest. Árið 2021 hafi hins vegar kólfur í miðju steypugalgans gengið til.

Stefndi kveðst einnig hafna því að slysið verði rakið til þess að steypudæluhranninn hafi verið kominn fjóra daga fram yfir árlega skoðun er slysið hafi orðið. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á að möguleg skoðun Vinnueftirlitsins hefði getað komið í veg fyrir tjónið og meint vanræksla á að færa tækið til skoðunar hafi valdið slysinu. Telji stefndi að sú fullyrðing stefnanda sé ósönnuð. Fullyrðingin fái enga stoð í gögnum málsins. Stefndi hafni því jafnframt að það hvíli á váttryggingartaka að sýna fram á það að orsök slyssins hefði ekki komið fram í skoðun Vinnueftirlitsins hefði hún farið fram fyrir slysið. Fyrir liggir að bilun í armi steypudæluhrannar hafi lýst sér þannig að kólfur í arminum hafi losnað úr liðamótum dæluhrannar. Orsök slyssins verði því ekki rakin til þess að armurinn hafi brotnað og því hafi ekki verið nein leið að mati stefnda að sjá fyrir fram að bilun sem þessi myndi verða. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að skoðun Vinnueftirlitsins nokkrum dögum fyrir slysið hefði með einhverjum hætti getað komið í veg fyrir slysið. Vinnueftirlitið hafi í árlegum skoðunum sínum fyrir slysið ekki gert athugasemdir við ástand kranans og það sama sé að segja um skoðun sérfræðinga framleiðanda. Hafi váttryggingartaki því talið að steypudæluhranninn væri í góðu ásigkomulagi er slysið hafi orðið og hafi enga ástæðu haft til að halda annað. Gögn málsins bendi þannig til þess að bilunin hafi komið upp skyndilega og fyrirvaralaust.

Stefndi kveðst hafna því að slysið verði rakið til háttsemi starfsmanns váttryggingartaka sem stjórnad hafi steypudæluhrannanum er slysið varð. Hvergi í gögnum málsins hafi komið fram að nokkuð í stjórnun hans á steypudæluhrannanum hafi verið óforsvaranlegt eða til þess fallið að valda því að kólfur í miðju kranans gengi til með þeim afleiðingum að neðri hluti kranans hafi fallið niður og lent á stefnanda. Þannig komi hvergi fram í gögnum málsins að kraninn hafi verið teygður of langt eða að það hafi leitt til slyssins. Þá hafi hvergi í gögnum málsins komið fram að stefnandi hafi verið óforsvaranlega staðsettur við framkvæmd verksins. Þvert á móti hafi hvorki verið gerðar athugasemdir við framkvæmd verksins af hálfu Vinnueftirlitsins né af hálfu lögreglu, hvorki um það hvernig krananum hafi verið beitt í aðdraganda slyssins né heldur við það hvar starfsmenn hafi verið staðsettir við steypudæluhrannana. Framkvæmd verksins hafi verið í fullu samræmi við það sem eðlilegt, venjubundið og viðurkennt sé. Þó ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að starfsmenn D slf. hafi borið sig rangt að við framkvæmd verksins kveðst stefndi benda á að váttryggingartaki eða starfsmenn hans beri ekki ábyrgð á því hvernig stefnandi eða aðrir starfsmenn D slf. hafi borið sig að við steypuvinnuna. Þá liggir ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á að stjórnandi steypudæluhrannans hafi haft nokkra ástæðu til að ætla að steypudæluhranninn myndi gefa sig, sbr. fyrri umfjöllun. Þá liggir ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á að stjórnandi steypudæluhrannans eða váttryggingartaki hafi með einhverjum hætti vanrækt yfirferð á krananum eða í hverju sú yfirferð hafi átt að felast. Í þessu samhengi bendi stefndi á að tjónstillkynning sé frá vinnuveitanda stefnanda en ekki frá váttryggingartaka. Fullyrðingar þar um yfirferð og hvað eigi ekki að geta gerst hafi því ekkert sönnunargildi í málinu.

Stefndi kveðst hafna því að váttryggingartaki hafi brotið gegn 13., 37. eða 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða gegn ákvæði 5. og 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Hafni stefndi því að saknæmi verði tengt brotum á umræddum ákvæðum. Sönnunarbyrðin þar um hvíli á stefnanda og það sé með öllu ósannað að slysið verði með einhverjum hætti rakið til brota á tilvitnuðum ákvæðum. Bendi stefndi á að hér sé um að ræða almenn ákvæði sem veiti ekki leiðbeiningar um sakarmat. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á það með beinum hætti hvernig brotið hafi verið gegn ákvæðunum en það dugi ekki að vísa almennt til þeirra varðandi meinta sök váttryggingartaka.

Stefndi kveðst, með vísan til framangreinds, byggja á því að ekki hafi verið sýnt fram á að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi valdið slysi stefnanda eða eigi sök á slysi hans, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmastrar háttsemi váttryggingartaka né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Tjón stefnanda verði þannig ekki rakið til saknæmrar vanrækslu váttryggingartaka

eða starfsmanna hans, heldur til óhappatilviks.-Stefnandi þessa máls eigi því ekki rétt á bótum úr fjálsri ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar vátryggingartaka hjá stefnda.

Hvað varðar varakröfu stefnanda kveðst stefndi byggja á því að slys stefnanda falli utan við gildissvið og bótasvið laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og skilmála lögboðinnar ökutækjatrýggingar stefnda nr. BA10. Til þess að slys verði fellt undir gildissvið laga um ökutækjatrýggingar þurfi að sýna fram á að slysið verði rakið til notkunar ökutækisins sem ökutækis í skilningi laga um ökutækjatrýggingar. Jafnframt þurfi að sýna fram á ökutækið hafi verið í notkun sem ökutæki í skilningi laga um ökutækjatrýggingar er slysið varð.

Stefndi kveður sönnunarbyrðina um að tjón stefnanda falli undir gildissvið og bótasvið laga um ökutækjatrýggingar hvíla á stefnanda. Sú sönnun hafi ekki tekist.

Stefndi bendir á að í 1. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar komi fram að lögin gildi um lögmahtar ökutækjatrýggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hljótist af notkun ökutækja. Í a-lið 2. mgr. 2. gr. komi fram að lögin gildi ekki þegar ökutækið sé notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki, sbr. gr. 1.3 í skilmála lögboðinnar ökutækjatrýggingar stefnda nr. BA10. Í 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar komi fram að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hljótist af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Um sé að ræða svokallaða hlutlæga bótaábyrgð ábyrgðarmanns ökutækis. Í 8. gr. laga um ökutækjatrýggingar komi fram að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hljótist af notkun ökutækis skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu, sbr. 15. gr. skilmála lögboðinnar ökutækjatrýggingar stefnda nr. BA10. Hvað varði bæði gildissvið og bótasvið laga um ökutækjatrýggingar sé það skilyrði fyrir því að hin hlutlæga bótaregla laga um ökutækjatrýggingar gildi að tjón hafi hlotist við notkun ökutækisins sem ökutækis. Þegar metið sé hvort um notkun sé að ræða verði að horfa til þess að lagaleg skilgreining á hugtakinu notkun ökutækis sem ökutækis sé þröngri en almenn orðskýring gefur til kynna. Íslenskir dómstólar hafi þannig í fjölda dóma skýrt hugtakið með þröngum hætti, þannig að hin hlutlæga bótaábyrgð nái aðeins til tjóns sem leiði af þeirri notkun ökutækisins sem hafi í för með sér að sérstakir hættueiginleikar þess sem ökutækis verði virkir, þ.e. hraði, vélarafli eða þyngd ökutækisins. Jafnframt hafi íslenskir dómstólar gert það að skilyrði fyrir beitingu reglunnar að tjón sem um ræði sé í nánun og fyrirsjáanlegu orsakasambandi við hættueiginleika ökutækis sem ökutækis. Þannig sé ekki nægjanlegt að tjón verði rakið til hættueiginleika ökutækis, svo sem hraða, vélarafli eða þyngdar, sé ökutækið ekki í notkun sem ökutæki heldur sem vinnuvél er tjón verði. Hvað varðar gildissvið laga um ökutækjatrýggingar hafi í lögum um ökutækjatrýggingar verið lögfest að þegar ökutæki sem séu vinnuvélar séu notuð sem vinnuvélar falli þau ekki undir gildissvið laganna. Segi í umsögn um 2. mgr. 2. gr. í frumvarpi til laganna að um sé að ræða staðfestingu á framkvæmd dómstóla á notkunarhugtakinu. Hlutlæga bótaábyrgð laga um ökutækjatrýggingar takmarkist þannig við það þegar ökutækið sé í umferð en nái ekki til þess ef tjón hlýst af notkun vinnuvélar utan almennrar umferðar.

Stefndi kveðst hafna því alfarið að tjón stefnanda hafi hlotist af notkun ökutækisins eins og túlka eigi hugtakið samkvæmt ætlan löggjafarvaldsins og fyrirliggjandi fordæmum íslenskra dómstóla. Ökutækið [...] hafi ekki verið í notkun sem ökutæki er slysið varð heldur sem vinnuvél. Ökutækið [...] hafi verið fastskorðað og hafi sérstakir útdraganlegir færur ökutækisins verið dregnir út til að fastskorða það á meðan á dælingu hafi staðið. Steypu hafi verið dælt úr steypubifreiðum í sérstakt síló eða trekt á steypudælunni þaðan sem steypunni hafi verið dælt í steypumót á brúnni. Ökutækið [...] hafi eingöngu verið undirstaða undir steypudælu sem hafi verið áföst bifreiðinni. Steypudælan teljist sérstök vinnuvél og hún hafi sérstakt vinnuvélanúmer. Verði slys stefnda eins og atvikum málsins sé háttað því ekki rakið til notkunar ökutækisins [...] sem ökutækis. Séu því ekki fyrir hendi orsakatengsl milli slyssins og notkunar ökutækisins í skilningi laga um ökutækjatrýggingar. Stefnandi eigi því ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] hjá stefnda.

III

Niðurstaða

Stefnandi höfðar málið sem viðurkenningarmál á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og með hliðsjón af gögnum málsins og atvikum öllum er uppfylltur áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni.

Óumdeilt er í máli þessu að slysið hafið orðið vegna þess að kólfur í liðamótum umrædds steypudælukrana hafi gengið til með þeim afleiðingum að liðamótin hafi gefið sig og að neðri hluti kranans hafi þá fallið á stefnanda. Þá er óumdeilt að stefnandi varð þá fyrir líkamstjóni, eins og rakið er í fyrirbyggjandi læknisvottorði og örorkumati. Málsaðila greinir hins vegar annars vegar á um hvort slysið hafi verið að rekja til atvika sem eigandi og rekstraraðili steypukranans beri ábyrgð á, sem er aðalkrafa stefnanda, og hins vegar hvort tjónið verði greitt úr ökutækjatrýggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda, sem er varakrafa stefnanda.

Eins og lýst er hér að framan var slysið tilkynnt til lögreglu sem kom á vettvang. Þá var slysið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. Kom það ekki á vettvang en framkvæmdi á hinn bóginn skoðun á tækinu 12. nóvember 2021, fjórum dögum eftir slysið.

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni. Þá ber hann einnig sönnunarbyrðina fyrir því hver atvik að baki tjóninu voru og að orsakatengsl séu milli tjóns hans og tjónsatburðar. Frá þessari meginreglu verður einungis vikið í undantekningartilvikum.

Stefnandi byggir á því að umrætt tæki hafi verið óöruggt til þeirrar notkunar sem raun bar vitni og að óforsvaranlegt hafi verið að nota það. Byggir stefnandi á því að fyrir liggja að gálgi steypukranans hafi brotnað u. þ. b. fimm árum áður en umrætt slys hafi orðið. Hafi engra skýringa verið leitað á hvers vegna gálginn hefði brotnað þá. Þá hefði átt að skoða tækið eigi síðar en í október 2021. Tækið hafði áður brotnað og því hefði verið sérstök ástæða til að skoða það og yfirfara.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Vinnueftirlitsins sem gerð var í kjölfar úttektar eftir bilun á tækinu árið 2016. Kemur þar fram að kraftliður hafi skemmst í armi gálgans eftir að bolti hafi fest í sæti sínu. Liggur fyrir að nýr armur var smíðaður og settur í stað hins skemmda. Málsaðilar eru hins vegar sammála um það í þessu máli að orsök bilunarinnar 4. nóvember 2021 hafi verið sú að kólfur í liðamótum hafi gengið til með þeim afleiðingum að liðamótin hafi gefið sig. Liggur því ekki annað fyrir en að orsök bilunarinnar 4. nóvember 2021 hafi verið önnur en bilunarinnar árið 2016. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á annað en að fullnægjandi viðgerð hafi verið framkvæmd eftir tjónið árið 2016, en hún var gerð í samráði við framleiðanda tækisins. Liggur því ekkert fyrir um það í málinu að orsakatengsl séu milli bilunarinnar árið 2016, og viðgerðar á tækinu í kjölfar hennar, og slyssins 4. nóvember 2021

Sem fyrr sagði ber stefnandi sönnunarbyrði um að slysið hafi orðið vegna saknæmrar og ólögmetrar háttsemi starfsmanna B ehf. Þegar litið er til þess sem að framan er rakið er það mat dómsins að ekki hafi verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda að nokkuð hafi bent til þess að tækið væri vanbúið, úr sér gengið eða að einhverju leyti óöruggt þegar slys stefnanda varð. Verður ekki séð að fyrra tjón breyti nokkru í því samhengi enda var, eins og fyrr sagði, gert við tækið eftir það tjón. Þá verður að mati dómsins ekki talið að máli skipti í þessu sambandi að skoða hafi átt tækið í október 2021, eða einungis nokkrum dögum áður en umrætt slys varð. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á eða gert líklegt að viðhaldi á umræddu tæki hafi verið ábótavant í aðdraganda slyssins. Loks er til þess að líta að þau laga- og reglugerðarákvæði sem stefnandi vísar til máli sínu til stuðnings eru öll almenns eðlis og hefur honum ekki tekist að sýna fram á að brotið hafi verið gegn þeim af hálfu váttryggingartaka í aðdraganda slyssins.

Stefnandi byggir einnig á því að að stjórnandi steypudælukranans hafi gert mistök sem hafi leitt til umrædds slyss. Hafi hann teygt of mikið á armi steypudæluannar sem hafi gefið sig vegna þungans. Að mati dómsins verður hins vegar ekki séð að umrædd málsaðila eigi sér stöð í málgögnum. Þá kom ekkert

fram í skýrslum fyrir dómi sem rennir stoðum undir hana. Verður því ekki fallist á umrædda málsástæðu stefnanda. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að stjórnandi tækisins hafi vanrækt skoðun á tækinu fyrir notkun þess í umrætt sinn eða að slík skoðun hefði getað komið í veg fyrir slysið. Loks fellst dómurinn ekki á að sýnt hafi verið fram á það af hálfu stefnanda að stjórnandi steypudælukranans hefði átt að gæta sérstaklega að því að starfsmenn á verkstað væru ekki undir steypudælukrananum þegar hann var í notkun.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Stefnandi gerir þá varakröfu að viðurkennd verði bótaskylda úr lögboðinni ökutækjategyggingu bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna líkamstjóns stefnanda. Til þess að slys verði fellt undir gildissvið laga um ökutækjategyggingar þarf að sýna fram á að slysið verði rakið til notkunar ökutækisins sem ökutækis í skilningi laga um ökutækjategyggingar. Fyrir liggur að þegar slysið varð stóð bifreiðin á útdraganlegum fótum. Var bifreiðin því í raun einungis notuð sem undirstaða fyrir steypudæluna. Er því ekki unnt að fallast á að slysið hafi orðið vegna notkunar bifreiðarinnar eða að það hafi á nokkurn hátt orðið vegna hættueiginleika hennar. Er því stefndi einnig sýknaður af varakröfu stefnanda.

Með vísan til framangreinds er stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 28. janúar 2025. Greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ólafs Arnar Svanssonar, sem með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins og eðli og umfangi málsins ákvarðast 1.500.000 krónur.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, VÍS tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ólafs Arnar Svanssonar, 1.500.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.